

# Fundargerð

19. fundur, fræðslu- og menningarnefndar haldinn í Hafliðabúð, 5. des. 07 kl. 12:00.

Mættir voru. Sigurður R. Kristinsson, Guðni Örn H auksson, Soffía Björgvinsdóttir, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir, ásamt Arnari Einarssyni og Önnu Hjaltadóttur.

## Dagskrá.

### 1. Mál. 7. bekkur staðan í dag.

Arnar og Anna kynntu stöðu mála og þær aðgerðir sem farið var í til að bæta kennslu og námsárangur í bekknum. Nýr kennari / leiðbeinandi Oddur Skúlason hóf störf fyrir 2 vikum og kennir hann 7. bekk stærðfræði. Vikulegur aukatími er æskilegur í stærðfræði og jafnframt óska tveir kennarar eftir stuðningsfulltrúa sér til aðstoðar í bekknum, samtals 5 tímar á viku. Fræðslunefnd mælir með því að sveitarstjórn verði við þessum óskum og hefur fulla trú á að þær skili árangri.

Að loknum þessum lið viku Arnar og Anna af fundi.

### 2. Mál. Auglýsing á stöðu skólastjóra.

Fram kom að Arnar lætur af störfum í vor. Nefndin óskar eftir að sveitarstjórn auglýsi nú þegar eftir skólastjóra sem tæki við skólanum frá næsta skólaári. Formanni falið að vera sveitarstjóra innan handar við samningu auglýsingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:40.

Sigurður R. Kristinsson, ritari.